

## REGLUGERÐ

### um dragnótaveiðar.

#### 1. gr.

Allar veiðar í dragnót eru óheimilar án sérstaks leyfis sjávarútvegsráðuneytisins.

Heimilt er að binda leyfi og útgáfu þess þeim skilyrðum er þurfa þykir. Getur ráðherra m.a. ákveðið að aðeins hljóti leyfi ákveðinn fjöldi skipa, skip af ákveðinni stærð og gerð eða skip er dragnótaveiðar hafa stundað áður. Jafnframt er heimilt að binda heimildir til dragnótaveiða við ákveðin svæði og taka þá mið af stærð skipa.

#### 2. gr.

Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Þó er heimilt að ákveða í leyfisbréfi að veiðar í dragnót á tilteknum svæðum skuli háðar sérstökum skilyrðum um lágmarksstærð möskva. Um mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði reglugerðar frá 21. desember 1990 um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.

#### 3. gr.

Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herpir á nokkurn hátt möskva sbr. 2. gr., en þó skal eigi teljast ólöglegt að festa net og annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

#### 4. gr.

Við veiðar með dragnót er óheimilt að nota hlera og hvað eina sem komið gæti í þeirra stað til útþenslu vængjanna.

#### 5. gr.

Með mál sem rísa út af brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út samkvæmt henni skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt 19. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Jafnframt er ráðuneytinu heimilt að svipta skip heimild til veiða sbr. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða.

#### 6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 438 13. nóvember 1984 um dragnótaveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. desember 1990.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*